

# Hvað segja skattakóngar?

Útkoma skattkrárinnar vekur alltaf töluverða athygli. Skattkrá Reykjavíkur fyrir árið 1980 var löksins lögð fram í gær og af því tilefni fór Dagblaðið á stuðfana og ræddi við þrjá af gjaldhæstu einstaklingunum, þá Þorvald Guðmundsson,

Sigurð Ólafsson og Rolf Johansen. Skattakóngur ársins, Pálmi Jónsson í Hagkaupi, er í útlöndum og sömuleiðis Ingólfur Guðbrandsson og því náðist ekki í þá. - KMU



Þorvaldur Guðmundsson: „Búinn að vera með þeim hæstu síðustu þrjátíu ár.“

## Ekki sama að vera ríkur og skatthár

— segir Þorvaldur í Síld og fiski

„Ég er búinn að vera með þeim hæstu síðustu þrjátíu ár þannig að þetta kemur ekki á óvart,“ sagði Þorvaldur Guðmundsson, sem jafnan er kenndur við Síld og fisk, en hann er samkvæmt nýútkominni skattkrá næsthæsti greiðandinn í Reykjavík. Gjöld hans nema samtals tæplega 87 milljónum gkróna.

Þorvaldur var spurður að því hvort honum þætti gaman að vera ríkur:

„Það er nú allt annað að vera ríkur og skatthár. Þeir verða sjaldan ríkir sem eru skatthár.“

Ertu ánægður með skattinn þinn?  
„Segir ekki enska máltækið: smile and pay?“ sagði Þorvaldur og hló.

- KMU

## APÓTEKIN REKIN Á NAFNI EINSTAKLINGA

— segir Sigurður Ólafsson lyfsali sem er í tíunda sæti



„Ég er vanur þessu. Svo má illu venjast að gott þyki,“ sagði Sigurður Ólafsson, lyfsali í Reykjavíkurápóteki, er hann var inntur eftir því hvernig skattarnir legðust í hann. Sigurði er gert að greiða tæpar þrjátíu milljónir til hins opinbera og er hann í tíunda sæti.

Það vekur athygli að samkvæmt skattkrá Reykjavíkur eru meðal 25 efstu þrjár lyfsalar; Andrés Guð-

mundsson í Háaleitisapóteki, Birgir Einarsson í Vesturbæjarapóteki og Sigurður. Hann var spurður hvernig á því stæði:

„Apótekin eru rekin á nafni einstaklinga. Þetta er óaðskiljanlegt



KRISTJÁN MÁR UNNARSSON

samkvæmt lögum sem veita þó vissar undanþágur. Þetta er því gjaldið til ríkisins frá fyrirtækinu.“

Er gaman að vera ríkur?  
„Fer það saman að vera ríkur og greiða háa skatta? Í mínu tilfalli gerir það það ekki.“

Ertu ánægður með skattinn þinn?  
„Verður maður ekki að vera það. Þetta fylgir því að vera með stórt fyrirtæki,“ sagði Sigurður.

- KMU



Rolf Johansen: „Ég er alls ekkert ríkur.“ DB-mynd: Bjarnleifur.

## Mikið fjármagn fer um hendurnar á mér

— segir Rolf Johansen stórkaupmaður

„Nei, þetta kemur mér ekkert á óvart. Þetta er búið að vera svona í nokkur ár,“ sagði Rolf Johansen stórkaupmaður sem samkvæmt skattkránni greiðir 36,5 milljónir gkróna.

Rolf sagðist hafa búzt við þessari upphæð, hann hefði getað séð hana út frá bókhaldinu. Hann var spurður að því hvernig honum þætti að vera ríkur en eins og flestir vita hefur hann undanfarin ár verið með skatthæstu mönnum landsins.

„Ég er alls ekkert ríkur. Það fer mikið fjármagn um hendurnar á mér og því verða skattarnir miklir. Ég er auk þess ekki með hlutafélag heldur er reksturinn á mínu nafni,“ sagði Rolf Johansen.

- KMU

## SKATTSKRÁIN EKKI ALVEG RÉTT

Bræðurnir Gunnar Þór Ólafsson og Ásgeir Bragi Ólafsson, sem reka fyrirtækið Andra, eru í þriðja og fjórða sæti yfir skatthæstu einstaki-

ingana í Reykjavík. Skattar þeirra beggja eru hins vegar áætlaðir og að þeirra sögn ekki réttir miðað við stöðu mála í dag.

Skattar Magnúsar K. Jónssonar byggingameistara, sem er í elflu sæti, eru sömuleiðis áætlaðir og ekki endanlega komnir á hreint. - KMU

## Flugvél til sölu

Flugvél PA-28R-180 er til sölu. 800 tímar eru eftir á mótur. Vélin er vel búin tækjum t.d. ADF, VOR með glide-slope, transponder, markerum og auto-pilot. Vélin er ný árskoðuð og litur mjög vel út. Upplýsingar í síma 95-5456 og 95-5189 eftir kl. 19.



## Auglýsing

um undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni varðandi innflutning og sölu á blöndum ricinusolíu (laxerolíu) og metanóls.

Með stöð 21. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni hefur ráðuneytið með reglugerð, útgefni í dag, veitt verslunum, sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi ráðherra, heimild til þess, að fengnum meðmælum eiturefnaneftndar, að flytja inn og selja sem eldsneyti á módelmótora blöndur ricinusolíu (laxerolíu) og metanóls án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi eins og gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 131/1971. Magn ricinusolíu í þessum blöndum skal minnst vera 20%. Leyfi þessi eru bundin nánari skilyrðum um ílát, merkingar, varðveislu o.fl., er eiturefnaneftnd ákveður.

Framangreint auglýst hér með skv. 21. gr. laga nr. 85/1968.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Jónas Elíasson prófessor á Orkuþingi:

## HÆKKUN HÚSHITUNARKOSTNAÐAR Á ÍSLANDI VARANLEG

— verulegt átak þarf til að halda í horfinu á næstu árum

„Húshitunarkostnaður landsmanna hefur hækkað verulega á síðustu sex árum og sú hækking er varanleg,“ sagði Jónas Elíasson prófessor í erindi á Orkuþingi í gær. „Verulegt átak þarf til að halda í horfinu næstu sex árin, svo hitareikningur landsmanna haldi ekki áfram að hækka.“

Jarðhiti, rafmagn og olía eru þeir orkugjafar sem Íslendingar hita hús sín með nú, en notkun mós og kola er lokið að heita má.

Á tímabilinu 1973—1979 jókst húshitun um 3,34% á ári að jafnaði í orkueningum mælt.

Notkun jarðvarmans eykst stöðugt

og hefur aukizt meir en nemur allri áður nefndri aukningu húshitunar á landinu öllu. Hlutur rafmagns hefur líka aukizt en hann er áfram minnstur hluti heildarnotkunar. Hlutur olíu hefur minnkað sem nemur aukningu rafmagns og jarðhita. Hluti olíu í kyndingu húsa var 1973 um helmingur en 1979 er hlutur olíu í húshitun landsmanna fimmtungur af þeirri orku sem til hennar er notuð. Þrátt fyrir þetta heldur kostnaðarhlutur olíunnar velli, slík eru áhrif olluverðshækkana. Hlutur olíunnar er ennþá meira en helmingur hitakostnaðar árið 1979. Það ár er notkun jarðhita orðin 71,1% af allri orku til húshitunar, rafmagns 10,7% og olíu 18,2%. Kostnaðarhluti jarðhita varð það ár 33,9% af heildarhitakostnaði og kostnaðarhluti raforku 15,4%.

Á tímabilinu hefur raunverð meðal-kostnaðar á hverja orkueningu vaxið úr 4,37 kr. á kwst. 15,86 krónur eða um 34%. Hækkunin stafar af mikilli hækkingu olluverðs. 18% hækkingu á raunverði rafmagns á þar tiltölulega lítinn hlut að máli.

- A.St.

## SUDURNES

### Skrifstofustarf

Óskum að ráða starfsmann til skrifstofustarfa og innskriftar í tölvu fyrir skrifstofu okkar, sem verður opnuð í Keflavík síðar í sumar. Upplýsingar veita Már Sveinbjörnsson eða Kristján Sigurgeirsson fyrir 20. júní nk.

rekstartækni sf.  
Síðumúla 37 - Sími 85311